

**Sp.**

**71. Tillaga til þingsályktunar**

[64. mál]

um ræktun skjólbelta.

Flm.: Oddur Andrésson, Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um stuðning við kerfisbundna ræktun skjólbelta í landinu.

**Greinargerð.**

Íslendingar hafa búið við gott árferði um fjóra tugi ára. Hafís hefur ekki lagzt að landi, og eldgos, þótt tíð hafi verið, hafa lítinn usla gert. Vart er þó að treysta því, að saga fyrri tíma endurtaki sig ekki. Er því ástæða til að vera við öllu búinn, m. a. með því að gera það, sem kleift er, til að auka og tryggja uppskeruna.

Reynslan hefur sýnt, að það er ekki vandkvæðum bundið að koma upp skjólbeltum á Íslandi. Til eru nú 42 ára gömul skjólbelti á Hallormsstað, sem eru yfir 10 metra á hæð. Og á Sámstöðum hefur Klemenz Kristjánsson ræktað skjólbelti undanfarin 17 ár. Hann hefur gert nákvæmar mælingar á uppskeruauka á skýldu landi miðað við skjóllaust land. Kemur þá í ljós, að aukning mjölvis í byggi er allt frá 18—60% í skjóli. Þessar tilraunir voru gerðar í 7 ár, og árið 1952, þegar næturfrost komu um miðjan ágúst, nam mjölvisaukningin 60%. Sýnir þetta glögg, að vinningurinn er mestur, þegar sumur eru stutt.

Tilraunir á Jótlandi, sem gerðar hafa verið um tugi ára, sýna, að uppskera eykst að meðaltali frá 15—25%, þar sem skjóls nýtur, og munurinn er ávallt mestur í hörðum árum.

Frá 1957 hefur Skógrækt ríkisins haft nokkra fjárveitingu ár hvert til skjólbeltatilauna. Þær hafa sýnt, að vandalaust er að koma upp skjólbeltum, ef vandvirkni er gætt. Árangur tilraunanna eru 5 km löng skjólbelti á nokkrum stöðum í landinu.

Við ræktun garðávaxta og korns eru skjólbelti fullkomin nauðsyn. Allar þjóðir um norðanverða Evrópu láta sér ekki til hugar koma að erja jörð án skjólbelta á næðingssömum stöðum. Mun nauðsyn skjóls enn ríkari hér á landi. Uppskerubrestur kartaflna og korns á s. l. sumri hefði ekki orðið nærri eins tilfinnalegur og raun varð á, ef skjólbelti hefðu verið um akurlöndin.

Flm. þessarar tillögu leggja því til, að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa ráðstafanir og tillögur um aukinn stuðning við skjólbeltaræktun hér á landi. Er það skoðun þeirra, að hér sé um mikið nytjamál að ræða, er verðskuldi skilning og stuðning alþjóðar.